

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2023

Mál nr. S-4860/2022:

Héraðssaksóknari

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Hrannari Fossberg Viðarssyni

(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 20. október 2022, á hendur Hrannari Fossberg Viðarssyni, kt. [...], [...], [...], fyrir tilraun til manndráps og vopnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 10. febrúar 2022, á bifreiðastæði við [...] í Reykjavík, skotið A, kennitala [...] og B, kennitala [...], með skammbyssu, úr bifreiðinni [...] sem ákærði var farþegi í, en A og B stóðu við leigubifreið á bifreiðastæðinu. Skotin höfnuðu í kvið A og í vinstra læri B, með þeim afleiðingum að A hlaut opið sár á kviðvegg auk áverka á þvagblöðru og rof á neðanverðum ristli og B hlaut tvö sár á neðanverðu vinstra læri og. Ákærði var ekki með skotvopnaleyfi.

Telst brot þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á skammbyssu af gerðinni Beretta, eintaksnúmer [...], sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.“

Endanlegar einkaréttarkröfur eru eftirfarandi:

Af hálfu A, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 10. febrúar 2022, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 15. desember 2022 til greiðsludags.

Einnig er þess krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem brotþoli varð fyrir þann 10. febrúar 2022, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Áskilur brotþoli sér rétt til að láta meta sig skv. ákvæðum skaðabótalaga verði ákærði sakfelldur. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða brotþola útlagðan sjúkrakostnað og annan kostnað vegna munatjóns að fjárhæð 262.934 krónur með dráttarvöxtum skv. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 15. desember 2022 til greiðsludags.

Jafnframt er gerð krafa um þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 45.500 krónur með dráttarvöxtum skv. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 15. desember 2022 til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni.

Af hálfu B, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 3.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. febrúar 2022 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar fyrir ákærðu, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni.

Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegrar þóknunar til handa verjanda sem greiðist úr ríkissjóði. Hann viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar bótafjárhæðar.

I.

1.

Þann 10. febrúar 2022 kl. 03:24 barst lögreglu tilkynning um skotárás við [...] í Reykjavík, en tveir einstaklingar, sem væru farnir af vettvangi og þá staddir við slökkvistöðina [...], væru særðir. Þar á bifreiðastæði var brotþoli B með áverka á vinstri fæti fyrir ofan hné en A var í aftursæti leigubifreiðar með sjáanlega áverka á kvið fyrir ofan lífbein hægra megin. Brotþolar voru fluttir með sjúkrabifreið á bráðamóttöku. Kom fram hjá A að hana grunaði ákærða, sem væri fyrrverandi kærasti hennar, um verknaðinn.

Við skoðun á leigubifreiðinni mátti sjá far í afturhlera hennar eftir ætlað byssuskot, en byssukúlan fannst innan við skotgat í plasthlíf á afturhleranum. Þá sýndu upptökur úr leigubifreiðinni hluta skráningarmerkis bifreiðarinnar sem árásarmaðurinn var í.

Vaknaði því fljótlega grunur um að ákærði og C væru viðriðnir skotárásina. Voru þeir handteknir samdægurs og fengu réttarstöðu sakbornings. Við líkamsskoðun á ákærða fundust púðurleifar á höndum hans sem voru rannsakaðar frekar. Þá reyndist ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn vera C, sem kannaðist við að hafa verið á ferðinni á bifreiðinni um nóttina ásamt ónafngreindum einstaklingi en gekkst ekki við öðru. Við leit í bifreiðinni fundust vopn, m.a. öxi með hulstri utan um blaðið. Þá fannst á gólfi neðan við hægri framsæti grár plastpoki, en í honum var lambhúshetta og plastböggull sem innihélt um 27 cm breiðan plathólk sem var vafinn utan um hálfsjálfvirka skammbyssu af tegundinni Beretta, með hlaupvídd á að giska 22. Í skotgeymi skammbyssunnar sem rúmaði 10 skot voru 7 blýskot. Eitt skot var í skothólfi byssunnar og hamar byssunnar spennur. Reyndist skammbyssan vera skráð stolin í lögreglukerfinu. Á ljósmyndum teknum í bifreiðinni mátti sjá stóra tösku í farangursrými.

Fram fór tæknirannsókn á vettvangi, en umrætt bifreiðastæði er botnlangi, þ.e. aka þarf sömu leið út af því og inn á það. Bifreiðastæðið er norðan við tvö stór fjölbýlishús og er [...] vestasta húsið, innst á staðinu. Notaður var þrívíddarskanni á staðunum framan við hús númer [...]. Leiddi rannsókn í ljós að mæling á milli leigubifreiðarinnar og bifreiðarinnar [...] m.t.t. ætlaðrar staðsetningar þeirra þegar skotárásin var gerð hafi verið 37,91 m og réðst það af samanburðarrannsókn á mynstri hjólbarða sem sjá mátti í snjó á vettvangi og hjólbörðum umræddra bifreiða, svo og af því sem greina mátti á upptöku úr leigubifreiðinni.

Í tengslum við áframhaldandi rannsókn málsins var aflað dómsúrskurða vegna rannsóknaraðgerða sem henni tengdust. Einnig fór fram réttarfræðileg rannsókn á skammbyssunni hjá vopnadeild dönsku lögreglunnar (NKC) sem beindist m.a. að gerð, virkni og samanburði á vopni og skothylkishlutum. Vopnið reyndist vera hálfsjálfvirkt, þ.e. að hluti af gasþrýstingi fyrri skots eða endurkasti þess nýtist til þess að gera sjálfkrafa það sem þarf fyrir næsta skot. Þegar lásinn hrökkvi til baka spennist skotpinni vopnsins að nýju. Vopnið sé þá tilbúið fyrir nýtt skot og það eina sem þurfi að gera sé að taka í gikkinn. Fram kom að kúlurnar sem voru skoðaðar, þ.e. annars vegar sú sem fannst í plasthlíf afturhlera leigubifreiðarinnar og hins vegar sú sem fjarlægð var úr kvið brotaþola A, hefðu verið í kalíber 22 long rifle. Hefði kúlan sem var í leigubifreiðinni verið afmynduð að framan eftir árekstur við hart efni en þó var hægt að staðfesta spor eftir riffilgöng og hlaupspor aftan á henni. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar var ekki unnt að útiloka að kúlurnar væru úr skammbyssunni sem fannst í bifreiðinni [...].

Í tengslum við rannsókn málsins fór einnig fram greining á símagögnum og DNA-rannsóknir voru gerðar hjá Nationellt forensiskt centrum (NFC) í Svíþjóð.

Meðal gagna máls er myndband úr leigubifreiðinni sem ók brotaþola B að [...]. Bifreiðin [...] var þá þegar á vettvangi og vék fyrir leigubifreiðinni og lagði ökumaður hennar í stæði skammt frá stigagangi [...]. Þá heyrir brotaþoli A spyrja „Hver er að segja

„Hæ A“?“. Hún kallar á móti „Hvað?“. Bifreiðin [...]snýr þá beint að leigubifreiðinni, þ.e. framljós hennar lýsa í átt að leigubifreiðinni. B stígur út úr leigubifreiðinni en í því snýr bifreiðin [...] svo að hægri hliðin snýr að leigubifreiðinni. Þá heyrir þegar leigubifreiðarstjórinn þakkar fyrir greiðsluna frá A eftir að hún var frágengin. Um fjórum sekúndum síðar heyrir skothvellingur og annar um fjórum sekúndum eftir hinn fyrri. A öskrar strax eftir seinni skothvellinginn. Bifreiðinni [...]er þá ekið á brott.

2.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 11. febrúar 2022. Hann neitaði að tjá sig um sakargiftir í sex yfirheyrslum lögreglu og sömuleiðis um þau rannsóknargögn sem honum voru kynnt. Þá kaus meðákærði C að tjá sig ekki að nokkru ráði þar til í skýrslutöku 6. maí 2022 er hann viðurkenndi að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar [...] þegar ákærði skaut úr skammbyssunni

Fyrstu skýrslur voru teknar af brotaþolum eftir að þau höfðu verið flutt á Landspítalann og lýstu þau atvikum eins og þau horfðu við þeim. Fleiri skýrslur voru teknar af brotaþolum undir rannsókn málsins.

Í læknisvottorði frá 10. febrúar 2022 segir um brotaþola A við komu á slysadeild að hún hafi verið með áverka neðst á kvið rétt ofan við lífbein hægra megin. Sneiðmyndataka leiddi í ljós að fjarlægja þyrfti aðskotahlut, sem líktist byssukúlu, úr kvið hennar. Í aðgerðinni kom í ljós mar í þvagblöðruvegg og að byssukúlan hafði stöðvast inni í ristli brotaþola. Brotaþoli var í kjölfarið lögð inn á gjörgæslu. Hún var útskrifuð 13. febrúar 2022 en leitaði á spítalann með sýkingu í skurðsári tveimur dögum síðar sem var meðhöndluð. Saumar voru fjarlægðir 24. febrúar 2022 og leit sár þá vel út. Samkvæmt vottorðinu var brotaþoli greind með opið sár á kviðvegg, áverka á þvagblöðru og áverka á ristli.

Þá kemur fram í vottorði skurðlæknis frá 25. apríl 2022 að ristill, þvagblaðra og kviðveggur höfðu gróið að fullu þegar brotaþoli var útskrifuð og engin merki um varanlegan líkamlegan skaða. Brotaþoli hafi upplifað áfallastreitu og verið vísað í áfallateymi LSH en lækurinn treysti sér ekki til að segja til um batahorfur eða mögulegan andlegan skaða.

Í sálfræðivottorði D kemur fram að brotaþola A hafi verið vísað til hennar 28. júní 2022 og komið til hennar í sjö viðtöl. Glímdi brotaþoli enn við afleiðingar skotárásar ákærða svo og aðrar afleiðingar er raktar voru til sambands hennar við ákærða. Fram kemur í vottorðinu að skotárásin hafi haft mikil áhrif á sálræna líðan hennar og meðferðarþörf hennar sé mikil. Telji sálfræðingurinn að það muni taka hana langan tíma að ná sér að fullu. Niðurstöður matslista styðji upplifun hennar og lýsingar á líðan í viðtölum og þjáist brotaþoli af alvarlegri áfallastreituröskun. Sýni hún enn tiltekin einkenni sem nánar er lýst í vottorðinu. Einkenni áfallastreituröskunar hafi varað lengur

en í sex mánuði og haft margþætt áhrif á líf hennar og störf. Með hliðsjón af því hve stutt sé síðan hún varð fyrir skotárásinni sé eðlilegt að hún glími enn við áfallastreituröskun.

Í læknisvottorði brotaþola B segir að honum hafi blætt. Neðarlega á vinstra læri um 5 cm fyrir ofan hné hafi verið tvö sár, annað framanvert og hitt aftanvert í beinni línu. Þessi sár hafi verið með 8–10 cm millibili og talin geta samrýmst því að vera inngangs- og útgangssár eftir byssukúlu. Virtist aftara sárið vera heldur stærra og talið vera útgangssár. Blæðing hafi ekki verið veruleg og hafi brotaþoli fengið einfalda sárameðferð. Talið var að sárin myndu gróa og jafna sig á hálfum mánuði til þremur vikum. Ekki væri ástæða til að ætla að brotaþoli hlyti varanlegar líkamlegar afleiðingar af áverkanum aðrar en hugsanlega öramyndun á læri.

3.

Undir rannsókn málsins gekkst ákærði undir geðrannsókn sem gerð var af E geðlækni, sem var dómkvaddur matsmaður þann 8. mars 2022. Fram kemur í matsgerðinni að viðtöl og prófanir hafi farið fram á fjögurra vikna tímabili og gengið mjög vel. Þá hafi sálfræðingur komið að málum og rætt við ákærða og lagt fyrir hann próf.

Í geðrannsókninni er ítarlega rakin uppvaxtar- og þroskasaga ákærða auk þess sem aflað var ýmissa heilsufarsupplýsinga. Í matsgerðinni kemur m.a. fram að Barnavernd [...]hafi snemma komið að málum hans, m.a. vegna aðbúnaðar en einnig hafi móðir hans leitað eftir aðstoð. Á leikskóla hafi borið á óæskilegri hegðun og hafi Barnavernd þurft að koma að málum þegar hann var fimm ára gamall vegna ofbeldisfullrar hegðunar hans. Hafi hann á tímabili verið í blandaðri neyslu vímuefna og róandi lyfja. Upplifði hann þá að eigin sögn m.a. geðrofseinkenni í fráhvörfum.

Í samantekt geðlæknis frá árinu 2015 segir að snemma hafi borið á mótþróafullri og andfélagslegri hegðun og hafi hann verið greindur með mótþróaprjóskuröskun, ófélagsmótaða hegðunarröskun og röskun vegna blandaðrar notkunar fíkniefna auk ófullnægjandi eftirlits og stjórnunar foreldra. Að mati læknisins benti áhættumat, sem þá var framkvæmt, til þess að hann væri afar líklegur til að fremja afbrot á nýjan leik og að hans mati var hann á þeim tíma alls ekki fær um að stjórna eigin gjörðum sökum geðveiki.

Niðurstaða hins dómkvadda matsmanns hvað varðar geðrænt ástand ákærða á verknaðarstundu er sú að þó að ákærði eigi að baki sögu um alvarlegan geðrænan vanda sé ekkert sem bendi til þess að hann hafi verið alls ófær um að bera ábyrgð á gjörðum sínum á þeim tíma. Hann uppylli greiningarskilmerki fyrir andfélagslega persónuleikaröskun en hafi ekki verið greindur með alvarlegan geðsjúkdóm eða sjúkdóm þar sem hann geti misst tengsl við raunveruleikann vegna geðrænna veikinda. Þá sé ekkert fram komið í heilsufarsgögnum sem útiloki að refsing geti komið að gagni.

II.

Skýrslutökur fyrir dómi

Ákærði kvaðst vera fyrirverandi kærasti brotþola A og hefðu þau verið í sambúð um tíma. Á ýmsu hefði gengið í samskiptum þeirra á milli og hefði komið fyrir að hann hefði haft í hótunum við hana en þó hefði ekki búið alvara þar að baki. Ástand hans þegar á því stóð hefði verið einhvers konar geðveiki og afbrýðisemi. Þau hefðu svo endanlega hætt saman og ekki átt í samskiptum eftir það. Hann væri nú í sambandi við aðra konu. Spurður um tengsl hans við B lýsti hann honum sem óvini sínum undanfarin átta ár. Kvaðst hann ekki hafa vitað að A og B hefðu verið að hittast. Hann kannaðist við að hafa sagt í samskiptum við vin sinn að hann langaði „sæmilega til að drepa“ B.

Umrætt kvöld kvaðst ákærði hafa verið sofandi þegar C vinur hans hefði komið til hans. Eftir samtal við hann hefði hann talið að A ætlaði að sýna B hvar hann ætti heima. Hefði hann ákveðið að þeir færu út til að finna B auk þess sem hann hefði ekki viljað hafa átök á heimilinu. Kvaðst hann hafa verið „pirraður“. Hefði hann tekið með sér tösku sem í var öxi og skammbyssa sem hann hefði keypt sér. Hann hefði þó ekki vitað að byssan væri í töskunni. Kvað hann hörð átök hafa verið í undirheimunum og hefði hann því stundum borið á sér vopn.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið B en ákveðið að kíkja stutt við heima hjá A að [...]. Þegar þeir félagar höfðu beðið í örfáar mínútur hefði leigubifreið komið akandi inn á planið. Kvaðst ákærði hafa séð þegar A gekk að leigubifreiðinni og hann hefði kallað á hana „Hey A“. Aðspurður kvað hann það hafa verið gert til þess að fá viðbrögð B sem hann hefði séð í leigubifreiðinni. Þá kvaðst ákærði hafa séð báða brotþola standa fyrir aftan leigubifreiðina. Síðan hefði B gengið ögrandi í átt að bifreiðinni sem hann sat í. Hefði hann jafnvel talið, af því hvernig hann bar sig, að hann væri vopnaður. Þá hefði hann farið í töskuna til þess að ná í öxina en hefði þá séð skammbyssuna og ákveðið að taka hana frekar til þess að skjóta B í fótlegginn. Kvaðst ákærði ekki hafa hæft hann í fyrstu tilraun og ráðið það af því að hann hélt áfram að ganga í átt að bifreiðinni. Hefði hann því skotið aftur til að stöðva hann. Að því loknu hefðu þeir keyrt í burtu. Aðspurður kvaðst ákærði aðeins hafa einbeitt sér að B. Hann hefði séð A en ekki verið að fylgjast með henni. Taldi hann hana hafa verið á bak við B á bifreiðastæðinu.

Aðspurður um fyrirætlanir hans umrætt kvöld kvaðst hann aldrei hafa ætlað að bana brotþolum heldur einungis ætlað að miða á fótlegg B. Hann hefði ekki ætlað að skjóta A. Hefði fjarlægðin á milli hans og B verið töluverð og hann því talið að skaðinn yrði ekki mikill af skotinu. Nánar spurður um fjarlægðina á milli bifreiðanna taldi hann hana hafa verið um 40 metra þegar hann hleypti af fyrra skotinu en við seinna skot hefði B verið kominn nær honum. Kvaðst hann þó óviss með fjarlægðina þar sem hann hefði

séð illa vegna myrkurs. Nánar spurður um aðstæður kvað ákærði lýsingu hafa verið frá nærliggjandi húsum og bifreiðinni og hann séð B vel. Nánar spurður kvað hann ekki mið hafa verið á byssunni og því hefði hann ekki séð B nægilega vel þegar hann var að miða skammbyssunni. Nánar spurður um þekkingu sína á skotvopnum kvaðst ákærði ekki hafa skotið oft úr byssu en hann væri þó mikill áhugamaður um byssur og hann hefði fengið leiðsögn um notkun skotvopna.

Aðspurður hvort hann hefði íhugað afleiðingar þess að hleypa af skoti umrætt sinn sagðist ákærði ekki hafa þælt neitt sérstaklega í því að það gæti endað illa. Það að skjóta hefði því ekki fengið sérstaklega á hann. Kvaðst hann hafa gert sér fulla grein fyrir því að hann var að skjóta á B. Hann hefði hins vegar ekki áttað sig á því að hann hefði skotið A fyrr en nokkrum mínútum síðar. Hann hefði farið yfir atvikið í höfðinu á sér þegar hann og C óku frá vettvangi og þá áttað sig á því. Hefði C haft orð á þessu og hefði sér þá liðið hræðilega. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa heyrt A öskra. Það hefði komið hávær hvellur af skotinu, hann hefði lokað bílrúðunni og þeir strax ekið af stað.

Brotapoli A kvaðst hafa verið í sambandi við ákærða í um tvö og hálf ár. Sambandi þeirra hefði lokið endanlega í desember 2021 en eftir það hefðu þau ekki verið í samskiptum. Fram að því hefði sambandið verið mjög erfitt, ákærði hefði verið mjög reiður og afbrýðisamur. Hann hefði haft í hótunum við hana áður en sambandinu var endanlega slitið. Hefðu hótanirnar verið hættar að hafa áhrif á hana á þeim tíma því þær voru svo tíðar en í reynd hefðu þær setið í henni. Hún kvaðst ekki viss um að ákærði hefði vitað að hún og brotapoli B hefðu verið saman. Þá kvaðst hún ekki vita til þess að það hefðu verið sérstök illindi á milli ákærða og B fyrir atvikið.

Brotapoli kvaðst hafa hitt C umrætt kvöld og haft á orði að hún ætlaði að hitta B. Hún hefði verið komin heim til sín þegar B kom til hennar í leigubifreið. Hún hefði farið niður til að greiða fyrir leigubifreiðina og heyrt þegar kallað var á hana „Hey A“ úr bifreið. Hún hefði ekki séð inn í bifreiðina og og ekki þekkt röddina en talið þó að þetta væri ákærði. Hún hefði ætlað að ganga að bifreiðinni en B hefði sagt henni að fara inn í leigubifreiðina. Hún hefði þó staldrað við og fylgst með. B hefði svo gengið í átt að bifreiðinni. Kvaðst hún ekki viss hversu langt hann fór. Þau hefðu hins vegar staðið tiltölulega nálægt hvort öðru en þó ekki hlið við hlið. B hefði sennilega staðið frammar en hún en þau hefðu bæði verið fyrir aftan leigubifreiðina, um það bil mitt á milli bifreiðanna. Fljótlega hefði hún heyrt hvelli sem minntu á flugelda. Hún hefði svo áttað sig á því að hún hefði orðið fyrir skoti.

Brotapoli B lýsti atvikum þetta kvöld á þá leið að hann hefði komið til A í leigubifreið. Hann hefði heyrt kallað úr bifreið „Hey A“. Hefði hann því ákveðið að fara að athuga málið þar sem hann taldi sig og A vera í hættu. Kvaðst hann hafa gengið rösklega að bílnum. Hann hefði ekki vitað hver var í bílnum og verið rólegur. Sér hefði ekki dottið í hug að þetta væri ákærði. Hann hefði síðan heyrt háan hvell og fyrst haldið

að þetta væru flugeldar og stuttu eftir hafi hann heyrt annan hvell. Hann hefði fyrst fundið til í fótleggnum eftir seinni hvellinn og þá heyrt A öskra af sársauka. Allt hefði gerst mjög hratt. Nánar spurður um fjarlægðina á milli hans og leigubifreiðarinnar þegar skotum var hleypt af taldi hann sig hafa verið kominn u.þ.b. 5–10 metra frá leigubifreiðinni án þess að geta sagt til um það með vissu. Hann hefði þó ekki verið nálægt bifreiðinni. Þá áttaði hann sig ekki á því hve langt hefði verið á milli hans og B á þessum tímapunkti þar sem hann hefði einbeitt sér að bifreiðinni.

Brotapoli kvað afleiðingar árásarinnar ekki hafa verið miklar og líkamlega hefði hann náð sér. Hann átti sig þó á því að verr hefði getað farið, t.d. ef hann hefði fengið skot í lærbeinið eða slagæð. Atvikið hefði þó haft viss áhrif á hann og þá ekki síst vegna ástands A. Þá hefði hann óttast um eigið líf fyrst eftir atvikið.

Brotapoli kvað samskipti sín við ákærða hafa verið lítil sem engin. Einhver illindi hefðu verið í fortíðinni. Þeir væru ekki vinir en ákærði hefði ekki haft í hótunum við hann fyrir atvikið.

C kvaðst vera æskuvinur ákærða og samskipti þeirra hefðu verið mikil. Hann kvaðst hafa verið með ákærða umrætt kvöld. Áður en hann fór til hans hefði hann rekist á A sem hefði sagt að hún ætlaði að hitta B. Þetta hefði komið til tals milli hans og ákærða.

Aðspurður kvað hann það hafa verið sína hugmynd að fara á rúntinn. Í bílferðinni hefði ekkert sérstakt verið rætt og þeir endað í [...]af ástæðum sem vitninu væru ókunnar. Þeir hefðu svo stansað í götunni í smá stund en hann myndi ekki hvað þeir hefðu rætt en ákveðin þráhyggja hefði verið hjá ákærða að vita að allt væri „í góðu“ hjá A. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða fara með skammbyssu í bílferðina eða heyrt hann tala um að eitthvað væri í bígerð enda hefði hann þá aldrei tekið þátt í því þar sem það skipti hann miklu máli að halda sér frá vandræðum. Vitnið kvaðst hafa verið að horfa í aðra átt þegar hann heyrði allt í einu byssuhvell og þegar hann sneri sér að ákærða hefði hann frosið og farið í sjokk. Þegar ákærði hefði hleypt af öðru skoti kvaðst vitnið ekki hafa áttað sig á stöðunni og keyrt burt í sjokki. Vitnið kvaðst aðeins hafa séð B en ekki A á þessum tímapunkti. Aðspurður taldi hann B hafa verið um 30–40 metra frá bílnum. Hann hefði þó ekki séð vel vegna myrkurs og ekki áttað sig á því hvernig ákærði miðaði byssunni. Eftir að hann ók frá vettvangi hefði verið „mjög tens“ andrúmsloft í bílnum. Aðspurður sagðist hann upplifa það að ákærði hefði „hrunið“ eftir þetta. Vitnið kvað það geta verið að hann hefði munað suma hluti betur þegar hann gaf skýrslu sína hjá lögreglu enda langt um liðið.

Skurðlæknir nr. [...]gerði grein fyrir helstu atriðum er fram koma í vottorði hennar vegna meiðsla brotþola A og svaraði spurningum um efni þess. Kvað hún áverka hennar geta samræmst þeirri lýsingu sem höfð væri eftir brotþola en um hefði verið að ræða skotáverka á neðri hluta kviðarhols sem náði í gegnum lífbein og stöðvaðist í ristli. Um

lífshættulegt ástand hefði verið að ræða. Brotapoli hefði farið í bráðaaðgerð þar sem gerður var kviðarholsskurður, kúlan fjarlægð og gert við gatið. Nánar spurð út í hvort áverkarnir gætu haft áhrif á frjósemi brotapola í framtíðinni kvaðst vitnið ekki hafa ástæðu til að ætla það enda hefði brotapoli komist fljótt undir læknishendur, en það skipti sköpum. Það þekktist þó að ef farið væri í opna aðgerð á kvið gætu myndast samvextir inni í kviðnum sem gætu vissulega haft áhrif á frjósemi auk þess sem líta bæri til þess að áverkasvæðið væri á viðkvæmu svæði í grennd við eggjastokka og -leiðara. Brotapoli hefði fengið sýkingu í skotsárið en jafnað sig. Andlega hliðin hefði hins vegar verið slæm og brotapoli átt erfitt. Hefði henni af þeim sökum verið vísað í áfallateymið.

Læknir nr. [...] gerði grein fyrir helstu atriðum sem fram koma í læknisvottorðum hans vegna brotapola. Áverkar brotapola beggja gætu verið lífshótandi vegna staðsetningar. Vitnið kvað A hafa verið í miklu uppnámi við komu en lífsmörk hennar hefðu verið stöðug.

D sálfræðingur kvaðst hafa sinnt meðferð brotapola allt frá því að henni var vísað til hennar. Gerði hún grein fyrir helstu niðurstöðum vottorðs síns vegna meðferðarinnar. Vitnið kvað líðan brotapola hafa lítið breyst frá því að hún hóf meðferð og hún hefði sterk einkenni áfallastreitu sem rakin væru til árásarinnar. Hún lifði í stanslausum ótta, bæði meðvitað og ómeðvitað, og árásin hefði haft mikil áhrif á daglegt líf hennar.

Einnig kom fyrir dóminn *lögreglufulltrúi* [...] og gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins.

III.

Niðurstaða

Ákærði hefur gengist við því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 10. febrúar 2022 skotið úr skammbyssu sinni úr bifreiðinni [...] með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Hann kveðst hafa beint henni að brotapola B og hafi það verið ásetningur sinn að skaða hann með því að skjóta hann í fótinn. Bæði skotin hafi verið ætluð honum en hið fyrra hafi geigað og hafnað í brotapola A. Þá játar hann skýlaust brot gegn vopnalögum. Telst það brot sannað með játningu hans og öðrum gögnum málsins.

Enginn ágreiningur er um niðurstöður tæknirannsókna eða sérfræðigagna. Þá er enginn ágreiningur um afleiðingar skottárásarinnar sem tilgreindar eru í ákæru og læknisfræðilegum gögnum. Með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum rannsóknargögnum er háttsemi ákærða eins og henni er lýst í verknaðarlýsingu ákæru sönnuð, svo og afleiðingar hennar.

Ákærði telur að háttsemi hans verði ekki heimfærð undir 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga þar sem ásetningur hans hafi ekki staðið til að bana brotapolum.

Telur hann að heimfæra beri háttsemi hans undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga hvað varðar báða brotþola en hvað varði A verði afleiðingarnar raktar til gáleysis hans, sbr. 1. mgr. 218. gr. ákvæðisins þar sem ásetningur hans hafi ekki staðið til að skaða hana.

Ákærði neitaði að tjá sig á rannsóknarstigi málsins en gekkst við háttsemi sinni fyrir dómi þann 22. febrúar sl.

Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn málsins. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. laganna.

Ákærði hefur neitað því að hafa lagt á ráðin um að bana brotþolum þessa nótt. Brotþolum bar saman um að A hefði sagt C, þegar þau hittust fyrir tilviljun, að hún væri að fara að hitta B. Bar C um að hann hefði haft þetta á orði við ákærða í almennu spjalli. Í skýrslutöku sinni hjá lögreglu lýsti hann því að ákærði hefði orðið æstur og eirðarlaus eftir þetta og viljað fara út að aka en fyrir dómi bar hann að það hefði verið sín uppástunga. Ákærði kvað C hafa sagt sér að A ætlaði að sýna B hvar hann byggji. Rak C ekki minni til þess. Hvað sem því líður liggur fyrir að ákærði fékk þarna staðfestingu á að A og B væru að hittast. Má ætla að það hafi vakið upp ýmsar hugrenningar hjá honum enda leit hann á B sem óvin sinn. Þá hefur ákærði gefið þá skýringu að hann hafi verið var um sig vegna skotárásar skömmu áður í Reykjavík. Bar ákærði að hann hefði viljað fara út að leita að B þá um nóttina og hefði hann haft með sér tösku sína sem hann vissi að í var öxi. Hvað varðar brotþola A viðurkenndi hann aðspurður að hafa haft í hótunum við hana þegar á ýmsu gekk í þeirra sambandi en ekki hefði verið alvara að baki þeim. Brotþoli kvað ákærða síðast hafa haft í hótunum við hana áður en þau hættu saman og liggja fyrir samskipti þeirra á milli sem bera vott um hömluleysi ákærða og er orðbragð sem hann notar litað afbrýðisemi og stjórnssemi.

Við mat á trúverðugleika framburðar vitnisins C verður að líta til tengsla hans við ákærða og stöðu hans að öðru leyti. Þá hafði hann stöðu sakbornings í málinu á fyrri stigum og hefur hann allt frá því að hann tjáði sig um málið verið afar tregur til frásagnar.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða að hann hafi haft frumkvæði að því að fara út að aka umrædda nótt og að tilgangur fararinnar hafi verið að leita að B. Var ákærði búinn til átaka og metur dómurinn það ótrúverðugt að ákærði hafi ekki vitað

hvaða vopn voru í töskunni sem hann hafði meðferðis. Dómurinn lítur til þess að þó svo að ákærði hafi haft í hótunum við brotþola A var það ekki í aðdraganda þessara tilteknu atburða og liggur ekkert fyrir um að hann hafi haft áform um að fylgja þeim eftir. Ákærði hafði ekki í hótunum við B fyrir atvikið og staðfesti hann það fyrir dómi. Með vísan til framangreinds og þar sem ekki liggur fyrir að ákærða hafi verið kunnugt um fyrirætlanir eða ferðir brotþola að öðru leyti en fram er komið er ósannað að ákærði hafi haft í hyggju áður en haldið var af stað að ráða brotþola af dögum. Telur dómurinn sannað að ásetningur ákærða til að beita byssunni hafi fyrst vaknað þegar hann sá brotþola saman á bílplaninu.

Ákærði kvaðst hafa gripið til vopna þegar hann sá B og talið skammbyssuna betra val miðað við aðstæður Eins og sjá má á upptöku var bifreiðinni snúið og var ákærði þá í betri skotstöðu. Vitnið C hefur, eins og áður er lýst, borið fyrir sig algjört minnisleysi um það sem fram fór í bifreiðinni og kvaðst hvorki hafa heyrt né séð neitt fyrr en að fyrra skotið reið af. Dómurinn metur þetta afar ótrúverðugt og í raun ómögulegt að það standist.

Fjarlægð á milli bifreiðanna á bifreiðaplaninu var samkvæmt mælingu tæknideildar 37,91 m. Þegar litið er til vitnisburðar í málinu var hún ekki styttri en það. Þá liggur fyrir að brotþolar stóðu bæði fyrir aftan leigubifreiðina. A hafði gengið lítið eitt í átt að bifreiðinni [...] en B var kominn lengra í áttina að henni. Samkvæmt upplýsingum frá brotþolum strax í kjölfar árásarinnar var B ekki kominn hálf leið í átt að bifreiðinni og A styttra. Ákærði kveður B hafa verið skotmarkið. Hann hafi séð hann greinilega í lýsingunni og eftir að hann skaut fyrra skotinu hafi hann haldið áfram í áttina til hans og því hafi hann ályktað sem svo að hann hefði ekki hitt hann og því skotið aftur. Úr þessari fjarlægð hafi þó að hans sögn verið nokkrum vandkvæðum bundið að miða á skotmarkið.

Á upptöku úr leigubifreið má heyra þegar A segir „hver er að segja hæ A?“ og síðan heyrist fyrra byssuskotið og í framhaldi hið seinna. Samræmist það framburði ákærða um að hann hafi miðað aftur og skotið. Í það skiptið fór skotið í kvið brotþola A sem heyrðist öskra strax í kjölfarið.

Ákærði hefur, eins og áður segir, neitað því að hann hafi haft ásetning til að skjóta brotþola B til bana heldur einungis að særa hann. Ekki er til að dreifa framburði vitna sem varpa ljósi á huglæga afstöðu hans á þessari stundu.

Fyrri byssukúlan fór í gegnum neðanverðan vinstri fótlegg B. Gat eftir byssuskot sást neðarlega í afturhlera bifreiðarinnar en byssukúlan fannst í plasthlíf á hurð farangursrýmisins. Gat var á fram- og aftanverðum buxnaskálmum B og það aftara var með svörtum köntum sem var ætlaður púðurblettur. Af þessu verður ráðið hver skotstefna og upp að vissu marki hver skotkraftur vopnsins var og drægni byssukúlunnar. Telur

dómurinn sannað með framangreindum gögnum að byssukúlan sem hæfði B hafi endað í afturhlera bifreiðarinnar. Ekkert er fram komið í málinu sem gefur ástæðu til að ætla annað.

Ákærði þekkir virkni skammbyssunnar og að eigin sögn hefur hann reynslu af því að meðhöndla slíkt vopn. Kvaðst hann hafa miðað á fótlegg B en talið fyrra skotið hafa geigað. Eins og fram er komið liggur ekki fyrir hver fjarlægðin var á milli brotaþola og hvernig þau stóðu er ákærði skaut í annað sinn en ætla má að ákærði hafi miðað hærra en áður enda hafnaði skotið í kvið A. Það skot stöðvaðist í ristli. Samkvæmt þessu er ljóst að drægni skotvopnsins var umtalsverð og það gat hæglega valdið verulegu líkamstjóni eða eftir atvikum banað manneskju.

Aðstæðum á vettvangi er áður lýst en dimmt var úti, á ljósmyndum má sjá að lýsing er við fjölbýlishúsin í götunni. Þá var einhver lýsing af ljósum bifreiðanna. Ljósastaurar snúa í átt frá bifreiðastæðinu. Ákærði kallaði til brotaþola A þegar hún gekk að leigubifreiðinni til að greiða fyrir far B. Það var áður en hann steig út úr bifreiðinni. Eftir það sá ákærði brotaþola báða standa fyrir aftan leigubifreiðina.

Ákærði kvaðst hafa kallað á B til þess að ná athygli A og fá hann til sín. Sú varð raunin, en á upptöku úr leigubifreiðinni sést að hann horfði stíft í átt að bifreiðinni [...] þegar ekið var fram hjá henni á bifreiðaplaninu og svo um afturrúðuna. Hann fór strax út úr bifreiðinni eftir að kallað var á A og hún svaraði kallinu. Hver svo sem tilgangurinn með kalli ákærða var kvaðst hann hafa beint skotunum að B þegar hann gekk í áttina að bifreiðinni. Í málinu er ekkert fram komið sem bendir til þess að ætlun hans hafi verið önnur. Fráleitt er þó að halda því fram efni hafi verið til að beita vopni. Það að beina skammbyssu að brotaþola og skjóta tvisvar sinnum við framangreindar aðstæður ber að mati dómsins vott um einbeittan ásetning og hlaut honum að vera ljóst að afleiðingarnar gátu orðið mannsbani. Hikaði hann ekki við að skjóta þó honum væri ljóst að A var nálæg.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn sannað að ákærði hafi haft beinan ásetning til þess að skjóta B tveimur skotum. Með háttsemi sinni hefur hann gerst sekur um tilraun til manndráps og er hún rétt heimfærð til refsíákvæðis. Gegn neitun ákærða og að virtum gögnum málsins telur dómurinn ákærvaldinu ekki hafa tekist sönnun þess svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að hann hafi haft ásetning til að bana brotaþola A. Með háttsemi sinni gagnvart henni hefur ákærði gerst sekur um sérlega hættulega líkamsárás sem ber að heimfæra undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Breytir engu um sakarmat dómsins þó að bæði skotin hafi verið ætluð B. Lét hann sér í léttu rúmi liggja hverjar afleiðingar háttsemi hans yrðu og eru ekki efni til þess að líta svo á að þær verði raktar til gáleysis hans, sbr. 1. mgr. 218. gr. ákvæðisins. Til hliðsjónar má vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 52/2005 frá 16. júní 2005. Með vísan til læknisfræðilegra

gagna og vitnisburða lækna fyrir dómi eru afleiðingar háttsemi ákærða sem tilgreindar eru í ákæru sannaðar.

Vopnalagabrot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru. Ákærði hefur ekki mótmælt upptökukröfu og er á hana fallist.

IV.

Refsíákvörðun o.fl.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og sérlega hættulega líkamsárás. Eins og fram er komið sætti ákærði geðrannsókn. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um andlega hagi hans á verknaðarstundu.

Ákærði er fæddur árið [...]. Þegar hann var [...]ára gamall var hann með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. apríl 2015 dæmdur í fimm ára fangelsi, m.a. fyrir sérlega hættulega líkamsárás og tilraun til manndráps. Refsingin var skilorðsbundin til fimm ára. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. febrúar 2018 var skilorðsdómurinn dæmdur upp og hann dæmdur í fimm ára fangelsi, þá [...]ára gamall. Tekið var tillit til ungs aldurs hans og var refsing hans því ekki þyngd. Ákærða var veitt reynslulausn 17. september 2019 í þrjú ár á 900 daga eftirstöðvum refsingarinnar. Með úrskurði Landsréttar 30. maí 2022 var honum gert að afplána eftirstöðvar refsingarinnar vegna rofs á skilyrðum reynslulausnar vegna brota þeirra sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir. Þá gekkst ákærði undir sátt 3. október 2022 vegna umferðarlagabrota.

Brot ákærða nú eru framin innan ítrekunartíma samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem skilorðsdómur hans var dæmdur upp með dómi frá 15. febrúar 2018 hafa ofbeldisbrot hans því ítrekunaráhrif og hafa áhrif til þyngingar, sbr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum.

Við ákvörðun refsingar horfir einnig til þyngingar að um alvarleg brot var að ræða sem beindist gegn lífi og heilsu brotþola og hættulegu vopni beitt. Hlutu brotþolar líkamstjón sem í tilviki A var umtalsvert og þurfti hún að gangast undir skurðaðgerð. Eru brotin til þess fallin að valda brotþolum og þá sérstaklega A mikilli vanlíðan og andlegri áþján. Þá er litið til hegðunar ákærða eftir að brotið var framið og þá einkum til þess að hann reyndi að hafa áhrif á framgang rannsóknarinnar, eins og gögn málsins sýna. Vísast til 1., 2., 3., 5., 6. og 8. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er enn ungur að árum. Eins og rakið hefur verið og fram kemur í matsgerð geðlæknis átti hann erfitt uppdráttar félagslega strax frá unga aldri og snemma bar á ofbeldisfullri hegðun. Vafalaust er að grípa hefði þurft í taumana með sértækum úrræðum enda fljótlega ljóst hvert stefndi og leitaði hann a.m.k. um tíma í ýmis fíkniefni. Þó verður ekki litið hjá því að ákærði hefur fengið ákveðin tækifæri við fullnustu refsingar, þó

takmörkuð séu, en ekki tekist að snúa af afbrotabraut. Á hann sér nú engar málsbætur aðrar en þær að hann játaði brot sín fyrir dómi og viðurkenndi bótaskyldu sína gagnvart brotapolum.

Samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga er lágmarksrefsing fyrir manndráp fimm ára fangelsi. Refsirammi fyrir tilraun er hinn sami og fyrir fullframið brot, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Skilyrði refsilækkunar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. eru ekki uppfyllt. Að öllu framangreindu virtu þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í átta ár. Gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 11. febrúar til 25. maí 2022 kemur til frádráttar refsingunni.

Eins og fram er komið hefur ákærði viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart brotapolum. Eiga þeir rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brotin eru til þess fallin að valda brotapolum miska og vísast til þess er fram kemur í umfjöllun um refsíákvörðun.

Brotapoli A krefst miskabóta að fjárhæð 5.000.000 króna. Fram kemur í vottorði sálfræðings sem einnig gaf skýrslu fyrir dómi að brotið hefur haft víðtæk áhrif á brotþola sem er ung að árum. Brotapoli er greind með áfallastreituröskun og glímir hún enn við afleiðingar sem raktar eru til atviksins. Ófyrirséð er hvernig henni mun takast að vinna úr því áfalli sem hún varð fyrir. Þá er litið til þess að atvikið átti sér stað við heimili hennar og brotið var framið af ákærða sem hún átti um tíma í nánú sambandi við. Þykir það auka á miska hennar. Þykja miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Upphafsdagur dráttarvaxta er 28. mars 2023 en þá er mánuður liðinn frá þingfestingu málsins.

Fallist er á kröfu um þjáningarbætur til brotþola sem taka mið af þeim dagafjölda sem hún var óvinnufær og tiltekinn er í læknisvottorði. Þá er fallist á kröfu um útlagðan kostnað vegna munatjóns og er krafan nægilega studd gögnum. Ekki er krafist dráttarvaxta af framangreindum kröfum en dráttarvextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Þá er fallist á kröfu brotþola um viðurkenningu á bótaskyldu vegna tjóns sem kann að koma í ljós í framtíðinni, sbr. 1. gr. skaðabótalaga. Réttargæslumaður brotþola gerði grein fyrir því að krafan væri afmörkuð við ófrjósemi sem síðar meir kynni að vera rakin til árásarinnar. Eins og fram kom hjá skurðlækni eru engin merki um slíkt í dag en ekki sé unnt að útiloka þessar afleiðingar. Viðurkenningin er því einskorðuð við framangreint séu orsakatengsl fyrir hendi en ljóst er að hvaða tjóni viðurkenningarkrafan lýtur, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 11. október 2022 í máli nr. 31/2022.

Brotapoli B krefst miskabóta að fjárhæð 3.500.000 krónur. Fyrir liggur að brotapoli hlaut skotsár á læri og fór betur en á horfðist með líkamlegar afleiðingar en þær voru

óverulegar. Brotapoli hefur ekki lagt fram gögn um sálrænan skaða vegna atviksins sem styðja aukinn miska. Hins vegar er ljóst að atvik sem þetta er til þess fallið að valda sálrænu tjóni á einn eða annan hátt og hefur áhrif á öryggistilfinningu þess er fyrir verður. Að þessu virtu þykja miskabætur brotþola hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónu með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, og ferðakostnaðar hans, réttargæsluþóknun brotþola og annan sakarkostnað málsins samkvæmt framlögðu yfirliti, allt eins og nánar greinir í dómsorði.

Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanna er höfð hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns, eðli og umfangi málsins og reglum Dómstólasýslunnar nr. 1/2023. Sérstaklega er vísað til 1., 4. og 5. gr. reglnanna. Þá er tekið tillit til virðisaukaskatts. Dómurinn tekur fram að þó fallast megi á að mál sem þetta útheimti talsverða vinnu fyrir verjanda og oft mæði mikið á honum hvað varðar samskipti við ákærða og fundi, verður sá tímafjöldi sem hann ver í þá vinnu sína að vera innan hóflegra marka. Tekur ákvörðun málsvarnarlauna mið af þessum atriðum.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Hrannar Fossberg Viðarsson, sæti fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 11. febrúar til 25. maí 2022.

Upptæk er gerð til ríkissjóðs skammbýssa af gerðinni Beretta, eintaksnúmer [...].

Ákærði greiði A 3.308.434 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af 3.000.000 króna frá 10. febrúar 2022 til 15. desember 2022, en frá þeim degi af 3.308.434 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna. Viðurkennd er skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem brotþoli hlaut 10. febrúar 2022.

Ákærði greiði B 1.200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 10. febrúar 2022 til 15. desember 2022 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 5.725.080 krónur og 59.840 krónur í ferðakostnað, réttargæsluþóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.355.940 krónur, réttargæsluþóknun Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 903.960 krónur, og 996.227 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltested